

andi, og það er jafngott að jeg segi yður nú í trúandi, að hann var hinn leyndilegi óvinur, sem var að gera tilraunir til að ná lífi Gerald's. Jeg kæri mig ekki um að segja meira en þetta, og jeg er líka viss um, að þjer kærið yður þess vegna ekki um að spyrja að meiru en þessu. Maðurinn var allra mesta þrælmenni. Mjer þykir fyrir að þær kringumstæður skuli vera til, sem hjálpuðu til að gera hann að slíku þrælmenni; jeg get ekki samvískusamlega sagt, að jeg finni til nokkurs saknaðar eptir hann.

Jæja, það er til kynlegt fólk í veröldinni, og vinur yðar, Bostock, var einn af hinu allra kynleguustu. Jeg hef komist í tæri við margu undarlega pílta um dagana og býst við að eiga eptir að komast í tæri við nokkra fleiri slíka enn þá, en jeg býst ekki við að jeg rekist nokkurn tíma á neinn kynlegri náunga en þennan Bostock. Til allrar hamingju hefur flakk mitt um veröldina og reynsla mín ekki haft þau áhrif á mig, að jeg missti alla trú á mennina. Það gleður mig að geta sagt, að jeg álst, að góða fólkið sje miklu fleira í veröldinni en hið vonda, og það gleður mig að hugsa til þess, að jeg hef verið svo næppinn að kynnaðst ýmsu elskulegu fólki, nú í einni tíð, á mínu kæra, gamla föðurlandi, sem jeg, hion forherti flökkumaður, er nú samt að flyja burt frá. Já, já; það hlýtur að vera Tatara-blóð í mjer, sem ekki vill losa mjer að vera í friði og ró í föðurlandi mínu, hjá minni eigin þjóð og vandamönnum.

Ímyndið yður ekki, að mjer hafi ekki geðjast að hinu litla bragði, sem jeg nýlega fjekk af líti hins síðaða heims, geðjast að því að sitja til borðs hjá góðum og heiðarlegum mönnum og heyra kirkjuklukkurnar hringja til guðspjónustu. Sannarlega,